Reykjavíkurborg
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Reykjavík, 12. nóvember 2020
ÞON20080026

Til borgarráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Heimild til að hefja útboðsferli á nýju eignaumsjónakerfi fyrir Reykjavíkurborg.

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði, fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs, að hefja útboðsferli sem er á áætlun nýrra upplýsingakerfa um kaup á nýju eignaumsjónarkerfi fyrir Reykjavíkurborg. Verkefnið er fjármagnað af 01395 U-Eignaums og tilheyrir kostnaðarstað 2101 á fjárfestingaráætlun 2020.

Vísað er til minnisblaðs þess efnis, dagsett þann 12. nóvember 2020.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri

Hjálagt: Minnisblað ÞON20080026

Reykjavíkurborg
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Reykjavík, 12. nóvember 2020
ÞON20080026

Lagt fyrir fund borgarráðs 19. nóvember 2020

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Óskar J. sandholt, sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

---

Efni: Heimild til að hefja útboð á nýju eignaumsjónarkerfi fyrir Reykjavíkurborg

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði, fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs, að hefja útboð sem er á áætlun nýrra upplýsingakerfa um kaup á nýju eignaumsjónarkerfi fyrir Reykjavíkurborg. Verkefnið er fjármagnað af 01395 U-Eignaums og tilheyrir kostnaðarstað 2101 á fjárfestingaráætlun 2020.

Forsaga:
Umhverfis- og skipulagssvið (USK) hefur um all langt skeið notað kerfið MainManager sem fasteignaumsjónar- og ábendingakerfi. Samkvæmt lögum um opinber innkaup ber Reykjavíkurborg að fara í formlegt innkaupaferli á nýju eignaumsjónarkerfi fyrir borgina. Vinnu við að greina kröfur er lokið og því er óskað eftir að hefja formlegt innkaupaferli og fara í útboð.

Greinargerð:
Stefnt er að því að Reykjavíkurborg innleiði nýtt eignaumsjónarkerfi sem skrifstofa framkvæmda og viðhalds hjá USK mun nota í sinni starfsemi. Auk þess mun fjármála- og áhættustýringarsvið nota kerfið meðal annars vegna tryggingamála.

Kerfið skal ná til umsjónar eftirfarandi eigna Reykjavíkurborgar:

- Fasteigna og lóða í eigu Reykjavíkurborgar samkvæmt fasteignaskrá.
- Fasteigna og lóða sem Reykjavíkurborg leigir samkvæmt húsaleigusamningum.
- Opinna leiksvæða samkvæmt starfsleyfum Heilbrigiðseftirlitsins sem ekki tengjast ákveðinni fasteign svo sem leiksvæða, fótboltavalla og körfuboltavalla.
- Annarra eigna sem ekki eru skráðar í fasteignaskrá eða hjá Heilbrigðiseftirlitinu svo sem hundagerða, frísbígolfvalla, blakvalla, hjólabrettapalla, hreystisvæða, pétanque valla og skíðasvæða.

Reykjavíkurborg
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Með kaupum á nýju kerfi uppfyllir Reykjavíkurborg lög um opinber innkaup. Um leið verður rekstur eignaumsjónarkerfis borgarinnar tryggður og nýtt kerfi sem fullnægir betur þörfum borgarinnar tekið í notkun. Ætlað er að nýtt kerfi bæti utanumhald viðhaldsverkefna, gefi betri yfirsýn yfir viðhaldsþörf eigna og auki skilvirkni og þjónustu við notendur þegar það hefur verið tekið í notkun. Gert er ráð fyrir að nýtt kerfi verði auk þess einfaldara í notkun og spari þar með vinnu hjá starfsmönnum til lengri tíma litið.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið er 441 milljón en þar af eru tæplega 102 milljónir greiddar af eignasjóði. Felst kostnaðurinn meðal annars í undirbúningsferli fyrir innkaup, þar á meðal gerð þarfagreiningar og útboðsgagna, framkvæmd útboðs, innleiðingu kerfis, þar á meðal yfirfærslu gagna og samþættingu við önnur kerfi og rekstur þess auk hýsingar, þjónustusamnings og valkvæðra kaupa á samningstíma. Samningstími er áætlaður 7 ár með möguleika á framlengingu í tvisvar sinnum 18 mánuði í sinn, samtals 10 ár.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Heildarkostnaður verkefnis: 441 milljón

Þar af eignasjóður: 102 milljónir

Kostnaðarstaður: 2101 / 01395 U-Eignaums

Virðingarfyllst,

Óskar J. Sandholt

Sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs